



Fjölbautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2024

KYNJ2GR04

Kynjafræði - grunnur

Kennarar: Eyrún Björg Magnúsdóttir (EBM) og Eva Dögg Jafetsdóttir (EDJ)

Áfangalýsing:

Grunnáfangi í kynjafræði. Í áfanganum kynnast nemendur kenningum og hugtökum tengdum kynjafræði, jafnrétti, lýðræði, mannréttindum og sjálfsmynd. Teknar eru fyrir birtingamyndir og staðalmyndir kynjanna í fortíð og nútíð og mikilvægi jafnræðis meðal borgara í lýðræðissamfélögum nútímans. Farið er yfir sögu jafnréttisbaráttunnar og aðaláherslum hvarrar bylgju. Fjallað er um stöðu kynjanna á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, greint hvort staðan sé ójöfn og hvort þörf sé fyrir breytingar. Fjallað er um kynjaðar hugmyndir og orðnotkun og tvíkynhyggu. Farið er ofan í tengsl sjálfsmyndar við viðhorf til staðalmynda kynjanna. Nemendur fá þjálfun í að beita kynjagleraugum á mismunandi málefni samfélags.

Undanfari:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum kynjafræðinnar,
- stöðu og viðhorfum til kynjanna í samféluginu,
- sögu jafnréttisbaráttunnar,
- stöðu og réttindabaráttu ýmissa jaðarhópa hér heima og erlendis,
- áhrif sjálfsmyndar á viðhorf.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; kynjagleraugu, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og sjálfsmynd í ræðu og riti,
- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- greina stöðu og staðalmyndir kynjanna úr fjölbreyttum miðlum og sviðum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- líta á samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum
- mynda sér skoðun og gera grein fyrir henni með tilliti til kenningu kynjafræðinnar og hugtaka hennar
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál

Námsmat:

Símat jafnt og þétt yfir önnina. Sjá nánar neðst á næstu síðu.

Námsefni:

Kynjafræði fyrir byrjendur – rafbók <https://kynjafraedi.vefbok.forlagid.is/>, annað frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1.	19. – 25. ágúst	Hvað er kynjafræði og hvers vegna. Grunnhugmyndir. Kynjað tungumál.	Uppruni og hugtök
2 – 3	26. ág - 8. sept	Samskipti, mörk, kynhlutverk. Eðlishyggja og félagsleg móttunarhyggja	Kynhlutverk, móttun 10%
4 – 5	9. - 22. sept	4 bylgjur femínismans, áhrif, baráttur, réttindi	Tölfraði, heimildaverkefni. 10%
6 – 7	23. sept - 6. okt	Normalísering ofbeldis, minnihlutahópar, réttindabaráttur, hvað hefur áunnist?	Hópverkefni - tímaás 10%
8 – 9	7. – 20. okt	Karlafræði Hinseginn fræði	Réttindi, baráttur 10% Tímaverkefni 5%
10 – 11	21. okt – 3. nóv	Málstofur/hlaðvörp – nemendur skipuleggja efni í samráði við kennara	Valið viðfangsefni 15%
12 – 13	4. – 17. nóv	Kynin og miðlar Birtingarmyndir og framsetning	Áhrif fjölmíðla/miðla á heimsmynd 10%
14 – 15	18. nóv – 8. des	Kynlífsmenning, kynfrelsi, og kynbundið ofbeldi	Lokaverkefni 20%
16	9. – 11. des	Upprifjun og samantekt.	

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Snjalltæki eru leyfð án hljóðs og leikja, í samráði við kennara. Bannað er að taka upp hljóð og mynd án leyfis, brot við því getur þýtt F í kennslustund.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Tíma/lotuverkefni	Styttri verkefni	55%
Málstofa	Hópverkefni	15%
Lokaverkefni	Lokaverkefni – hóp/para	20%
Þátttaka	Þátttaka í tímum, umræða og virkni.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

EBM – eyrun@fsu.is , EDJ – evadogg@fsu.is